



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

---

**TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK**  
**GEYMSLA FYRIR RÖNTGENBIFREIÐ**  
**LEIGUHÚSNÆÐI**

**SKILAGREIN**

ÁGÚST 2010

**TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK**  
**GEYMSLA FYRIR RÖNTGENBIFREIÐ**

LEIGUHÚSNÆÐI

**SKILAGREIN**

ÁGÚST 2010



## EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR .....	3
1 UPPHAF VERKEFNIS .....	3
2 HÚSRÝMISÁÆTLUN .....	3
3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI .....	3
4 LEIGUSAMNINGUR .....	3
5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI .....	4
6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT .....	4
7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR .....	4
8 VERKLOK .....	4
9 STAÐFESTING SKILAGREINAR .....	4

## ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.” Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: “**Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfangullun í skilamati**”. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd “**skilagrein**” til afmörkunar frá skilamati.

Það sem að framan er ritað gildir um uppgjör á **verklegum framkvæmdum**. Ýmis verkefni sem Framkvæmdasýslan tekur að sér fyrir ráðuneyti og stofnanir teljast ekki til verklegra framkvæmda, heldur er um að ræða almenna ráðgjöf og þjónustu, eins og til dæmis við **öflun leiguhúsnæðis**. Í slíkum tilvikum hentar ekki hefðbundin uppsetning skilagreinar, heldur er notuð önnur einfaldari framsetning.

Hér fer á eftir skilagrein vegna öflunar á leiguhúsnæði.

## 1 UPPHAF VERKEFNIS

Verkefnið Tollstjórinn í Reykjavík, geymsla fyrir röntgenbifreið, leiguhúsnæði, barst FSR í júlí 2008 þegar Sigurður Skúli Bergsson, aðstoðartollstjóri, óskaði eftir aðstoð FSR við að finna geymsluhúsnæði fyrir nýja gáma-gegnumlýsingarbifreið stofnunarinnar.

Verkefnið fólst í að gera húslýsingu, auglýsa eftir húsnæði, gera leigusamning og hafa eftirlit með framkvæmdum við húsnæðið í samræmi við þarfir.

Á framkvæmdatíma verkefnisins var ákveðið að taka einnig á leigu um 200 fermetra skrifstofuhúsnæði fyrir stofnunina.

Verkefnisstjóri hjá FSR var Róbert Jónsson.



Klettagarðar 23, Reykjavík.

## 2 HÚSRÝMISÁÆTLUN

Ekki var gerð sérstök húsrýmisáætlun þar sem stærð húsnæðisins, sem þörf var á, var þekkt og miðaðist við stærð bifreiðarinnar ásamt athafnarými.

## 3 TILBOÐ Í LEIGUHÚSNÆÐI

Húslýsing fyrir leiguhúsnæði var tilbúin í júlí 2008 og auglýsti Ríkiskaup þá eftir húsnæði fyrir stofnunina. Leigutilboð voru opnuð í ágúst 2008 og bárust 5 tilboð frá 5 bjóðendum. FSR yfirfór tilboðin og skoðaði 4 húseignir í samstarfi við starfsmenn Tollstjórans í Reykjavík.

Í ágúst 2008 var tekið leigutilboði frá John Lindsay ehf., Klettagörðum 23, 104 Reykjavík, um leigu á geymsluhúsnæði, fyrir gegnumlýsingarbifreiðina, við Klettagarða 23, 104 Reykjavík.

Í október 2008 var einnig samþykkt að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir Tollstjórann í Reykjavík að Klettagörðum 23, 105 Reykjavík af sama leigusala.

## 4 LEIGUSAMNINGUR

FSR annaðist gerð leigusamningsins í samvinnu við starfsfólk Tollstjórans í Reykjavík og John Lindsay ehf. Fjármálaráðuneytið hafði umsjón með gerð samningsins.

Leigusamningurinn var undirritaður í nóvember 2008 og er á milli Tollstjórans í Reykjavík og John Lindsay ehf. og staðfestur af fjármálaráðuneyti. Hann gildir til 10 ára en leigjandi getur sagt honum upp að 7 árum liðnum með árs fyrirvara.

Hinn leigði eignarhluti er hluti af 1. hæð og 2. hæð húsnæðis, samtals 676,7 fermetrar að stærð. Þar af er skrifstofuhúsnæði 212,2 fermetrar og geymsluhúsnæði 464.5 fermetrar.

Samkvæmt samningi átti að afhenda geymsluhúsnæðið 1. nóvember 2008 og skrifstofuhúsnæðið 1. mars 2009.



Klettagarðar 23, Reykjavík.

## 5 TENGILIÐIR OG SAMSKIPTI

Þeir sem önnuðust samskipti milli leigusala og leigjanda, á samnings- og framkvæmdatíma, voru Stefán S. Guðjónsson, forstjóri John Lindsay ehf. fyrir hönd leigusala og Róbert Jónsson verkefnastjóri hjá FSR, fyrir hönd leigjanda.

Haldnir voru 2 vinnufundir og 1 úttektarfundur á framkvæmdatímabilinu.

## 6 HÖNNUÐIR OG EFTIRLIT

ARKÍS, Aðalstræti 6 í Reykjavík sá um hönnun vegna framkvæmda við húsnæðið. Eftirlit með framkvæmdum, fyrir hönd leigusala, annaðist Stefán S. Guðjónsson og fyrir hönd leigjanda, Róbert Jónsson, FSR.



Inngangur að húsnæði Tollstjórans í Reykjavík.

## 7 BYGGINGARFRAMKVÆMDIR

Húsnæðið var fókheld þegar verkframkvæmdir við húsnæðið hófust í október 2008

Helstu verkþættir voru hefðbundnir miðað við fókheld húsnæði og gengu framkvæmdir samkvæmt áætlun. Verktaki framkvæmdanna var Aðalvík ehf., Ármúla 15 í Reykjavík en tengiliður þar var Jóhannes Halldórsson.

## 8 VERKLOK

Tollstjórinn tók við geymsluhúsnæðinu í nóvember 2008 og skrifstofuhúsnæðinu í mars 2009.

## 9 STAÐFESTING SKILAGREINAR

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.

Óskar Valdimarsson, forstjóri